

# HÚSÖNDIN

56.tbl. 2.árg.  
27.mars.2019

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com  
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:  
8492804

## AFMÆLISBÖRN DAGANA 28.MARS-3.APRÍL

- 28.3 *Sólveig Pétursdóttir*  
29.3 *Hjörtur Smári Sigurðsson, Þór Sæmundsson*  
31.3 *Anna Dagbjört Andrésdóttir, Andrej Maesiar*  
1.4 *Sólveig Jónsdóttir, Arnþrúður Dagsdóttir,*  
*Þórhildur Jökla Davíðsdóttir*  
2.4 *Bartłomiej Marek, Valdimar Ellertsson*  
3.4 *Ingólfur I Jónasson, Júlía Katrín Björke, Aron Dagur Ottósson,*

## AÐALFUNDUR FJÖREGGS



Aðalfundur Fjöreggs verður haldinn fimmtudaginn  
4.apríl kl.20 í Fuglasafni Sigurgeirs

Kl.20. Aðalfundur

Kl.21 Stóra myndin um efnaflæði í Mývatn frá  
háhitasvæðum norðan og austan vatnsins.

Fræðsluerindi og notalegt rabb. Helgi Arnar Alfreðsson  
jarðfræðingur og annar eigenda Geocemý hér í sveit fjallar um  
rannsóknir hans og Júlíu Katrínar Björke mörg síðustu árin. Allir  
velkomnir!



YOU ARE INVITED!

Íbúafundur um Fjölmenningsstefnu Skútustaðahrepps  
3. apríl kl.18:30-20:30 Skjólbrekku

W 3 kwietnia odbędzie się publiczne spotkanie w Skjólbrekka w sprawie polityki dotyczącej obywateli obcego pochodzenia w gminie Skútustaðahreppur. Spotkamy się, zjemy razem pizzę i porozmawiamy o tym, jak gmina może poprawić sposób, w jaki przyjmuje nowych ludzi i jak możemy uczynić to społeczeństwo jeszcze lepszym.

Będzie autobus odbierający wszystkich, którzy potrzebują transportu wszystko jest za darmo, a jedyne co musisz zrobić, to zarejestrować się na stronie facebook Skútustaðahreppur, e-mail [ditta@hac.is](mailto:ditta@hac.is) lub zadzwoń 464 4163

Miðvikudaginn 3. apríl verður haldinn íbúafundur í Skjólbrekku þar sem unnið verður að Fjölmenningsstefnu Skútustaðahrepps. Við ætlum að hittast, borða pizzu og ræða hvernig sveitarfélagið getur tekið betur á móti nýjum íbúum og hvernig við getum notið þess enn betur að búa hérna saman. Skráning á facebooksíðu Skútustaðahrepps eða netfangið [ditta@hac.is](mailto:ditta@hac.is)

On wednesday the 3rd of april we will have a public meeting in Skjólbrekka for the making of policy concerning citizens of foreign origin in the municipality Skútustaðahreppur. We will meet, eat pizza together and talk about how the municipality can improve the way it welcomes new people and how we can make this society even better. There will be a bus picking up everyone that wants a lift, everything is for free and the only thing you have to do is to sign up on Skútustaðahreppur on facebook or [ditta@hac.is](mailto:ditta@hac.is)

# Opnir fundir GróLindar á Norð–Austurlandi

Landgræðslan býður öllum áhugasömum til kynningar– og samráðsfundar um verkefnið GróLind, mat og vöktun á gróður- og jarðvegsauðlindum Íslands.

Á fundunum verður fjallað um aðferðafræði verkefnisins m.a. ástandsmat, þróun sjálfbærnivísa fyrir landnýtingu, kortlagningu beutilanda, könnun á beitaratferli sauðfjár (GPSkindur) og samstarf við landnotendur. Héraðsfulltrúi mun að sjálfsögðu vera á svæðinu

Sérstakur gestur á þessum fundum verður **Snorri Þorsteinsson**, jarðræktarráðunautur hjá RML, en hann mun ræða um **kolefnismál í landbúnaði**

<b>Þriðjudagur 2. apríl</b>	<b>Þriðjudagur 2. apríl</b>
<b>Kl. 13:00</b>	<b>Kl. 20:00</b>
<b>Fjallalamb, Kópaskeri.</b>	<b>Seiglu (Gamla Litlulaugaskóla), Laugum í Reykjadal.</b>

Landgræðslan hvetur fólk til að mæta og taka virkan þátt í þróun verkefnisins.  
Sjálfbær landnýting er hagur okkar allra.



[WWW.GROLIND.IS](http://WWW.GROLIND.IS)

Landgræðslan

# UPPLÝSINGAR ÓSKAST UM KERFIL OG LÚPÍNU



Skútustaðahreppur hefur skipað starfshóp til að uppræta og/eða hefta útbreiðslu ágengra plantna í sveitarfélaginu. Auk fulltrúa hreppsins situr í hópnum fólk frá Landgræðslunni, Umhverfisstofnun, Náttúrustofu Norðausturlands, RAMÝ og Fjöreggi, félagi um náttúruvernd og heilbriggt umhverfi í Mývatnssveit.

Ágengar plöntur eru skógarkerfill, spánarkerfill og lúpína. Óheimilt er að rækta þær eða að dreifa þeim á verndarsvæði Mývatns og Laxár.

Einnig er áhugi á að hefta útbreiðslu njóla og þistils. Fyrsta verk starfshópsins er að kortleggja útbreiðsluna. Vinnan tekst því betur sem glöggir vegfarendur, landeigendur, íbúar og annað áhugafólk lætur sig málið varða. Starfshópurinn óskar hér með eftir að þeir sem búa yfir upplýsingum um útbreiðslu nefndra tegunda eða vilja láta sig málið varða að hafa samband, símleiðis eða með tölvupósti.

Siggi á [gautlond@simnet.is](mailto:gautlond@simnet.is) eða í síma 897-7811, Daði á [dadi@land.is](mailto:dadi@land.is) eða í síma 894-4215 og Davíð á [myvatn@ust.is](mailto:myvatn@ust.is) eða í síma 822-4039

## AÐALFUNDUR!

Ágætu félagar,

Aðalfundur Björgunarsveitarinnar Stefáns verður haldinn

sunnudaginn 31. mars næstkomandi kl.20

í húsnæði sveitarinnar við Múlaveg 2, efri hæð.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf

Önnur mál

Pizza og gos í boði

Félagar fjölmennum, ræðum og skipuleggjum næsta ár og eigum góða kvöldstund.

Nýjir félagar velkomnir.

Stjórnin





Höfundur  
**Jim Cartwright**

Leikstjóri  
**Vala Fannell**

## Næstu sýningar:

### Miðapantanir:

[www.leikfelagid.is](http://www.leikfelagid.is)  
[midi@leikfelagid.is](mailto:midi@leikfelagid.is)

eða í síma 464 1129  
2 tíma fyrir sýningar.

Laugard. 30. mars kl.20:00

Sunnud. 31.mars kl.20:00

Föstudag, 5.apríl kl.20:00

Laugardag, 6.apríl kl.20:00

Geymið miðann og  
njótið tilboða hjá:

- \* Fosshótel Húsavík
- \* Salka Restaurant
- \* Húsavík Öl

Fullt verð 3.000  
börn/afsl. 2.000

Félagsmenn Framsýnar, Þingiðnar og Starfsmannafélags Húsavíkur þurfa að framvísa afsláttarmiðum frá sínum félögum fyrir leiksýningu til að njóta afsláttar.

## Lausaganga hunda er bönnuð



Í samræmi við samþykkt um hunda- og kattahald í Skútustaðahreppi nr. 22/2017 skal bent á, af gefnu tilefni, að lausaganga hunda á almannafæri í sveitarfélaginu er bönnuð. Hunda sem ganga lausir má handsama og færa í geymslu. Tilkynna skal lögreglu um lausagöngu.

Nánari upplýsingar má finna í samþykkt um hunda- og kattahald á heimasíðu Skútustaðahrepps ([http://www.skutustadahreppur.is/img/files/B\\_nr\\_22\\_2017.pdf](http://www.skutustadahreppur.is/img/files/B_nr_22_2017.pdf))

Skútustaðahreppur



## Umsóknir um úthlutun menningarstyrkja – Fyrri úthlutun 2019

Í samræmi við reglur um úthlutun menningarstyrkja í Skútustaðahreppi auglýsir velferðar- og menningarmálanefnd eftir umsóknum til menningarstarfs í sveitarfélaginu en þetta er fyrri úthlutun ársins 2019. Skútustaðahreppur veitir styrki til einstaklinga, hópa, félagssamtaka, fyrirtækja og stofnana til almennrar menningarstarfsemi eða verkefni. Við mat á umsóknum skal menningarfærni Skútustaðahrepps höfð til hliðsjónar. Auk þess er horft til eftirfarandi þátta:

- Hvernig verkefnið / starfsemin auðgar menningarlíf í Skútustaðahreppi og hvernig fjármunirnir nýtist í því samhengi.
- Hversu líklegt er að verkið verði framkvæmt, laði að frekara fjármagn og aðstandendur verkefnisins geti hrint því í framkvæmd.
- Gæða, vinnslu og framsetningar umsóknar, sýn umsækjenda og fagleg vinnubrögð.

Sótt skal um verkefnastyrki á þar til gerðu eyðublaði á heimasíðu Skútustaðahrepps (undir Stjórnarsýsla > Skjöl og útgefið efni > Umsóknareyðublöð).

Umsóknir skal senda á netfangið skutustadahreppur@skutustadahreppur.is. Umsóknarfrestur er til og með 23. apríl 2019.

Velferðar- og menningarmálanefnd





## Ókeypis fyrir börn í sundlaugina á Laugum – Ókeypis rútuferð laugardaginn 30. mars -

Skútustaðahreppur býður upp á ókeypis rútuferð í sund á Laugum fyrir fjölskyldur. Næsta rútuferð er á laugardaginn, 30. mars.

### Fyrirkomulagið er eftirfarandi:

Farið er frá hreppsskrifstofu kl. 13.30 laugardaginn 30. mars n.k. Ókeypis er í rútna. Farið er sunnan vatns og hægt að taka upp fólk á leiðinni við Þjóðveginn.

Til að vita fjöldann þarf að tilkynna þátttöku í rútuferðinni í seinasta lagi kl. 11:45 á föstudegi fyrir ferðina, á netfangið [skutustadahreppur@skutustadahreppur.is](mailto:skutustadahreppur@skutustadahreppur.is) – eða með því að hringja í 464 4163 á hreppsskrifstofu. Gefa þarf upp fjölda fólks og hvar á að taka fólk upp í rútna á leiðinni ef það fer ekki frá hreppsskrifstofu.

Sveitarfélögin Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit hafa gert samkomulag um aðgengi barna og ungmenna í Skútustaðahreppi að sundlauginni á Laugum. Í því felst:

- Börn í Skútustaðahreppi á aldrinum 6-16 ára fá ókeypis aðgang í sundlaugina á Laugum á opnunartíma hennar. Nafnalisti með börnum 6-16 ára með lögheimili í Skútustaðahreppi verður í afgreiðslu sundlaugarinnar og þarf að skrá þau inn.
- Nú þegar er ókeypis fyrir börn yngri en 6 ára.

Að öðru leyti vísast til gjaldskrár sundlaugarinnar:

[https://www.thingeyjarsveit.is/static/files/gjaldskrar/2019/sundlaugin-a-laugum\\_gjaldskra-2019.pdf](https://www.thingeyjarsveit.is/static/files/gjaldskrar/2019/sundlaugin-a-laugum_gjaldskra-2019.pdf)

### Vetraropnunartími sundlaugarinnar á Laugum:

- Mánudaga - fimmtudaga - 07:30 til 09:30 og 16:00 til 21:30
- Föstudaga - 07:30 til 9:30
- Laugardaga -14:00 til 17:00
- Sunnudaga - Lokað

### Athugið:

Í samræmi við reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum er börnum yngri en 10 ára óheimill aðgangur að sund- og baðstöðum nema í fylgd með syndum einstaklinga 15 ára eða eldri. Ekki skal leyfa viðkomandi að hafa fleiri börn með sér, nema um sé að ræða foreldri eða forráðamann barna.



# SKJALDMEYJAR HAFSINS

Nýtt sannsögulegt leikverk um líf eiginkvenna sjómanna

**28. mars kl. 20**

UPPSELT

**5. apríl kl. 20**

NOKKUR SÆTI LAUS

**12. apríl kl. 20**

NOKKUR SÆTI LAUS

AÐEINS ÞESSAR 3 SÝNINGAR

**MIDAVERÐ AÐEINS 3.500 kr.**

**MIDASALA Á MAK.IS**

Höfundur og leikstjóri: Jenný Lára Arnórsdóttir

Leikarar: Jónína Björt Gunnarsdóttir,  
Vala Fannell og Katrín Mist Haraldsdóttir

Tónlist og hljóðmynd: Ármann Einarsson

Ljósahönnun: Arnþór Þórsteinnsson

Leikmynd og búningar: Sara Blöndal

Framleiðsla: Arna Kristín Sigfúsdóttir

[f artik.theatre](https://www.artik.theatre) [ig artik.theatre](https://www.artik.theatre)

Sýningin er samstarfsverkefni Leikhópsins  
Artik og Leikfélags Akureyrar

